

**126. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi, 23. apríl**


**2016 kl.16.30, í Fjölheimum**

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Laufey Ósk Magnúsdóttir varaformaður, Þór Hreinsson, Elín Einarsdóttir, Magdalena K. Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. Ársreikningur 2016 lagður fram og undirritaður. Rekstrartekjur á árinu voru 157.105.625kr., rekstrarkostnaður 164.016.850kr. og bókfært tap 6.433.760kr. Tap skýrist helst af því að Fræðslunetið fékk ekki alla þá styrki sem vonast var til sem og að verkefninu Sóknaráætlun Suðurlands lauk og þar með ekki áframhaldandi tengdur stuðningur frá SASS.
2. Rekstraráætlun 2017 lögð fram. Gert er ráð fyrir áframhaldandi og auknu tapi. Grunnframlag, 10 milljónir, sem Fræðslunetið hefur fengið aukalega undanfarin ár frá Ríkissjóði er ekki á fjárlögum ársins. Vegna þess er gert ráð fyrir tapi upp á tæpar 9 milljónir. Stjórn felur framkvæmdastjóra að skoða leiðir til að minnka taprekstur og koma með tillögur þess efnis fyrir næsta fund stjórnar í júní.
3. Ársskýrsla lögð fram og framkvæmdastjóra þökkuð vel unnin skýrsla.
4. Tillaga að dagskrá stjórnarfunda á árstímabili lögð til kynningar. Næsti fundur verður í júní.
5. Önnur mál
  - a. Fréttir af starfi Fræðslunetsins kynntar.

Fundi slitið kl. 18:45

Fundargerð ritaði Laufey Ósk Magnúsdóttir



Elín Einarsdóttir  
Magdalena K. Jónsdóttir  
Sigursveinn Sigurðsson